

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um haustrall Hafrannsóknastofnunar.

Frá Árna Páli Árnasyni.

Hvers vegna var ákveðið að haustrall Hafrannsóknastofnunar færi fram með skipum einstakra útgerðarfyrirtækja en ekki rannsóknaskipum stofnunarinnar? Hver er tilgangur með rekstri skipanna ef ríkisstjórnin telur ekki ástæðu til að láta þau sinna grunnrannsóknunum en láta þau frekar liggja bundin við bryggju? Hvernig voru útgerðir valdar og hvert er söluverðmæti þess kvóta sem þeim var afhentur til að sinna rannsóknunum?

